



335. Stjórnarfundur haldinn 3. júní 2009 kl:17:05

Mættir: Einar, Kári, Þórður, Sigurvin, Sveinn og Bjarney.

1. Fundagerð síðasta fundar.

Lesin og samþykkt.

2. Innkominn bréf.

Bréf frá UMFÍ v/ungmennaráðstefnu UMFÍ 4. – 5. mars á Akureyri, einnig skýrsla af forvarnardeginum.

Bréf frá starfsþróunarstjóra RNB Guðrúnu Þorsteinsdóttur v/ Forvarnar- og fræðsluviku í Reykjanesbæ 21. -27. sept.

Bréf frá UMFÍ v/ Ganga.is og Fjölskyldan á fjallið.

3. Send bréf.

Engin.

4. Landsmót UMFÍ.

BSS kynnti fyrir stjórn utanyfirhafnir úr flísefni. Stjórnarmenn vilja kanna með fleiri útfærslur. BSS falið að vinna áfram í þeim málum.

5. Íþrótt- og leikjaskóli.

EH skýrði frá gangi mála (allt klárt). Innritað verður 10. og 11. júní. Framkvæmdastjóra falið að sækja um í Velferðasjóð barna.

6. 17. júní 2009.

EH kynnti dagskrá og skipulag í skrudgarðinum í tilefni dagsins. Stjórnarmenn ánægðir með dagskrá hátíðarhaldanna.

7. 80 ára afmæli félagsins.

EH kynnti sýnishorn af drykkjarkönnum sem mögulega viðbót við áður ákveðna útfærslu af könnum. Umræður urðu um þessa nýju útfærslu. Ákveðið að halda sig við fyrri ákvörðun. Framkvæmdastjóra falið að kaupa 504 drykkjarkönnur með lógói félagsins og afmælisártali. Ákveðið að kaupa límmiða, framkvæmdastjóra falið málið.

8. Önnur mál.

Framkvæmdastjóra veitt heimild til að endurnýja Gsm síma félagsins.

Næsti fundur boðaður eftir tilefni og aðstæðum , annars er komið sumarfrí.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl.18:15
Fundinn ritaði SG

